

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 246/2014****2015/EES/61/02****frá 13. nóvember 2014****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 439/2014 frá 29. apríl 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 250/2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja að því er varðar skilgreiningar á könnunatriðum og tæknilegt snið gagnasendinga ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1k (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 250/2009) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„– **32014 R 0439**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 439/2014 frá 29. apríl 2014 (Stjtið. ESB L 128, 30.4.2014, bls. 72).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 439/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. nóvember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. nóvember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 128, 30.4.2014, bls. 72.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.